

Kæra Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis,

Mikil þörf er fyrir minni bifreiðar í ferðabjónustu,

Bara í gær 23.febrúar sendi ég 17 manna bíl í 12 tíma ferð um 300 km leið með 4 farþega, það hefði verið betra fyrir umhverfið og öryggi farþega að fara á minni bíl

Minni bíll eyðir um helmingi minna eldsneyti og tekur miklu minni vind á sig og er þannig miklu öruggari fyrir farþegana

Ferðabjónustuleyfi - Heimild til að nýta allt að 8 manna bifreiðar í hóp bifreiðaakstri

Gríðarlega mikilvægt er að geta nýtt minni farartæki í ferðabjónustu. Bent er á að eftirspurn eftir slíkum ökutækjum er mjög mikil en minni bifreiðar eru bæði umhverfisvænni og öruggari ásamt því að geta þjónað hreyfihömluðum. Ferðabjónustan hefur lengi átt í samræðum við stjórnvöld um þessi mál og hefur það m.a. legið fyrir Alþingi.

Lagt er til að eftirfarandi greinum verði bætt inn í frumvarpið:

Ferðabjónustuleyfi.

Samgöngustofu er heimilt að veita sérstakt leyfi til farþegaflutninga við ferðabjónustu. Auk þeirra skilyrða sem fram koma í þessari grein skal leyfið bundið sömu skilyrðum og almennt rekstrarleyfi. Skilyrði ferðabjónustuleyfis er að það sé notað í tengslum við ferðabjónustu og skal umsækjandi hafa annaðhvort rekstrarleyfi sem ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa. Þjónustan skal veitt samkvæmt fyrir fram umsöndu gjaldi, eigi skemur en sem hálf dagsferð eða sem hluti af annarri viðurkenndri ferðabjónustu, þ.m.t. flutningur farþega til og frá sérhæfðri afþreyingu sem er hluti af ferðabjónustu. Ökutæki ferðabjónustuleyfis hafa skulu vera merkt rekstraraðila. Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu ferðabjónustuleyfis, um eiginleika ökutækja, sérstakar merkingar og önnur nauðsynleg atriði m.a. um heimild og skilyrði til að nota bílaleigubíla undir ferðabjónustuleyfi.

Eðalvagnaleyfi

Nýlega voru gerðar breytingar á reglugerð um eðalvagna sem einfaldaði nokkuð möguleika á að nýta slíka bíla í hefðbundnum hóp bifreiðaakstri. Eðalvagnaleyfi fylgir þó enn lögum um leigubílaakstur sem gerir rekstraraðilum hóp bifreiða erfiðara fyrir að reka slíkar bifreiðar. Á Norðurlöndum hafa rekstraraðilar hóp bifreiða heimild til að skrá eðalvagna á sín leyfi til jafns við rekstraraðila leigubíla. Lagt er til að eftirfarandi grein verði bætt inn í frumvarpið

Eðalvagnar.

Samgöngustofu er heimilt að veita rekstrarleyfishöfum hóp bifreiða leyfi til reksturs eðalvagnabjónustu. Auk þeirra skilyrða sem fram koma í þessari grein skal leyfið bundið sömu skilyrðum og almennt rekstrarleyfi. Leyfið skal ávallt vera bundið því skilyrði að bifreiðin sé notuð í þeim tilgangi og með þeim búnaði sem ákvæði þessara laga gera ráð fyrir. Bifreiðin skal vera útbúin sem sérstök viðhafnarbifreið og þannig verulega frábrugðin í þægindum, útliti, búnaði og þjónustu annarra bifreiða í atvinnuakstri. Eðalvagn má einungis nota til aksturs farþega gegn umsöndu gjaldi samkvæmt fyrir fram gerðri pöntun á þjónustu þeirra. Eðalvagnar eru undanþegnir ákvæðum um gjaldmæla og merkingar. Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfis til eðalvagnabjónustu, um eiginleika bifreiða og önnur nauðsynleg atriði m.a. um heimild og skilyrði til að nota bílaleigubíla sem eðalvagna.

Heimild til að nýta minni bifreiðar í reglubundnum og óreglubundnum fólksflutningum

Í drögum að því frumvarpi sem hér um ræðir kom eftirfarandi fram um inntak einkaréttar skv. 7. gr. kemur eftirfarandi fram: „**Á þessum leiðum voru notaðir bílar ætlaðir fyrir 12–40 farþega enda óheimilt að nota bifreiðar fyrir færri en átta farþega til að þjóna þessum leiðum. Það má öllum vera ljóst að þetta kerfi var óhagkvæmt, óskilvirkt og umhverfislega óverjandi**“. Í fyrirbyggjandi frumvarpi er ekki gert ráð fyrir því að hægt verði að nota bifreiðar fyrir færri en átta farþega á þessum vettvangi og er mikilvægt að slíkt verði heimilt bæði í reglubundnum og óreglubundnum ferðaþegaflutningum til að gæta jafnræðis og til mæta öryggis og umhverfissjónarmiðum.

Ef þær breytingar sem nefndar eru hér að framan ná fram að ganga munu þær auka öryggi í ferðaþjónustu, minnka kolefnislosun og efla gæði þeirra þjónustu sem um ræðir.

Auk ofangreindra atriða er bent á mikilvægi þess að einfalda eftirlit með því að gera aðilum skylt að birta leyfisnúmer utan á bifreiðum ásamt því að leyfi verði gerð ótímabundin.

Kær kveðja / kind regards

Ellert Scheving Markússon

General manager/CEO

mobile : +354-896-8212

office : +354-577-7775

ellert@hopferdir.is

